

Menntaskólinn á Akureyri

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 243, þriðjudaginn 18.5. 2021 kl. 15:00

1. Þriggja anna skipulag

Samantekt hefur verið send á skólanefnd um kosti/galla og álitamál sem upp hafa komið í samskiptum við kennara. Sigurlaug Anna, Jón Már og brautastjórar fóru á fundi hjá öðrum skólum með þriggja anna kerfið.

Það gekk illa að taka ákvörðun um þetta og því ekki hægt að byrja strax næsta haust. Helstu ráðleggingar frá öðrum skólum að fara ekki of hratt í að innleiða þetta, heldur að taka tíma í þetta og gera þessa innleiðingu eins vandaða og hægt er.

Helstu kostirnir eru að nemendur hafa færri áfanga á hverri önn og því betra tækifæri til að sökkva sér ofan í námsefnið. Getur leitt til að minna verður um þreytu og leiða eftir mjög langan samfelldan námstíma. Hægt að auka val í kringum sérsvið nemenda. Jón Már bendir líka á að þetta eykur sveigjanleika í námi, nemendur geta dýpkað sín sérsvið og/eða seinkað útskrift á auðveldari máta. Hann minnir á að námskráin eigi að vera lifandi plagg og því fínt tækifæri til að skoða hana

Óli Þór spyr hvort hugsað hafi verið út í að hafa þetta 4 annir en ekki 3. Stjórnendur heimsóttu ME þar sem er 4 anna kerfi. Ef eitthvað kemur upp á þá er enn styttri tími sem nemendur og kennarar hafa og því hafa öll forföll svo mikil áhrif.

Kristrún nefnir að það er listað sem kostur að þetta sé öðruvísi en aðrir skólar á svæðinu. Sé það virkilega kostur. Jón Már nefnir að það hafa orðið starfsmannaskipti, þ.e.a.s. VMA-kennarar kenna í MA og nemendur MA hafa sótt tíma í VMA en með síðustu breytingum á stundatöflum og skipulagi í VMA þá varð slíkt samstarf tengt nemendum mjög erfitt eða nær ómögulegt. Starfsmannaskipting ætti ekki að vera erfið.

Ingibjörg spyr hvort þeir nemendur sem hafa annað norðurlandamál en dönsku hafa verið að sækja námskeið hjá VMA í gegnum fjarnám, myndi það vera leyst á annan máta, innanhúss t.d. ? Jón Már segir að tengingin við VMA sé ekki eina leiðin og það verður fundin lausn á þessu máli.

Ákvörðun verður tekin 1. Júní á kennarafundi.

2. Fjármál og rekstur

Rekstrarframlag þá lækkaði um 6,4 milljónir en skólinn fékk endurmat vegna kjarasamningshækkana 2019 og 2020 upp á 6,7 milljónir.

Fyrir næsta ár þá er rekstrarframlag minna en launagjöld hækka. Rekstrarafgangur verður þá nýttur upp í það.

Kristrún spyr út í hvort 3 ára kerfið sé farið hafa áhrif á fjármálin og Ragnar segir að svo sé og það sjáist greinilega á næsta ári og næstu ár eftir það. Nú verður breytt framlaginu sem var bara bundið við 570 nemendur en á næstu árum verður borgað bara „per haus“ fyrir hvern nemenda.

Óli spyr út í sundurliðun á rekstrarframlagi, hvort meira sé greitt fyrir nýnema. Ragnar segir að slíkt excelskjál sem sýnir sundurliðun sé til hjá ríkinu og sé ávalt í vinnslu að leyfa skólum að sjá það en það hefur ekki enn gerst. Tekið dæmi um leiklistarbrautina þar sem eru mjög dýrir áfangar, fáir nemendur í hverjum áfanga.

Elías spyr út í hvort þessi rekstrarafgangur fái að haldast innan stofnunarinnar. En eftir 1-2 ár er sá afgangur búinn og því þarf að nýta næstu 2 ár mjög vel í endurskipulagningu. Þetta snýst þá aðallega um starfsmannamál í niðurskurði. Stærri áfangar og færri starfsmenn er eina leiðin í niðurskurði.

3. Jafnlaunavottun MA

Það er áætluð úttekt í byrjun júní frá versa vottun. Launagreiningin skiptir mestu máli. Núna er notast við forritið Emblu sem leyfir stofnuninni að gera þessa launagreiningu sjálf. Störf eru flokkuð og greining framkvæmd.

Niðurstöður launagreiningar: Það er mismunur upp á 0,99% körlum í vil. Svipuð niðurstaða og í fyrra. Byggir á því að yfirvinna er meiri hjá körlum en hjá konum. Verið er að reyna að skipta meira upp yfirvinnunni. Það munar 4,12% konum í vil ef yfirvinnu er sleppt. Inn í Emblu eru ekki persónubundnir þættir. Kí samningar stýra launum í gegnum starfsreynslu og menntun og Ragnar telur að fleiri konur eru með mikla starfsreynslu innan skólans en á næsta ári verða persónulegar breytur komnar inn (menntun og starfsaldur t.d.)

Launagreining má vera allt að 2% munur skv. Handbókinni

4. Önnur mál

Verkefni næsta árs

- Skipuleggja skólaárið í 3 annir
- Fara ýtarlega yfir hvernig kynna eigi skólann til að auka aðsókn til að tryggja fjármagn skólans

Dagatal næsta árs

Kristrún og Jón Már ætla að setja niður saman og setja saman tillögu um fundartíma og fundarefni.

Brautskráning verður með svipuðum hætti og í fyrra, kl 10, 17.júní. Skólanefnd er auðvitað boðið að koma þá svo lengi sem fjöldatakmörkanir breytast ekki. 1000 manns verða þá í salnum.

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 242, þriðjudaginn 16.2. 2021 kl. 14:40

1. Kynning á þriggja anna skipulagi

Í þriggja ára stúdentsprófi þá er pressa á nemendum að taka fleiri einingar á önn en áður var. Þegar tekin var ákvörðun um þriggja ára kerfið þá var ákveðið að hafa 200 einingar (í stað 180 eins og ætti að vera). Nemendur eru að meðaltali að taka um 7 áfanga á önn, vinnudagarnir langir og oft tætungslegir. Þriggja anna skipulagið er því í skoðun.

Fjögurra anna skipulagið var skoðað en þá væru námsloturnar mjög stuttar og því ekki mikill tími til að melta námsefnið.

Í þriggja lotu námi væru færri áfanga á hverri önn og lengri tími því á hverjum degi sem færi í hvert fag.

Farið er í skjal um kosti og galla á þriggja anna námi.

- Það eru færri áfanga á hverri önn, nemendur og kennarar geta því einbeitt sér að færri viðfangsefnum.
- Hægt að nýta betur dagana í kringum jól og páskafrí. Það varð meiri ró yfir skólanum
- Aðgreining frá öðrum skólum á svæðinu – bæði kostur og galli
- Samstarf við VMA, vinnumat og tíminn sem nemendur hafa til að melta námsefnið eru gallar, en varðandi vinnumatið þá hefur Garðabær náð að komast fyrir það vandamál, hins vegar er það samt vissulega álitamál varðandi að þær annir sem kennarar eru að kenna mikið þá er kennslan mjög mikil. Garðabær hefur leyst það með því að kennarar deili áföngum til að dreifa álagi.
- Gæti leyst upp bekkjarkerfið, meiri vinna fyrir náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur.
- Margir umhugsunarpunktur varðandi fjölda brautskráningardaga, varðandi bekkjarkerfi og varðandi þá vinnu sem fellur til við þessar breytingar og launaliðinn tengt því.
- Þetta mun ekki breyta ytri ramma skólans (ekki fleiri kennsludagar)

Jón Már óskar eftir viðbrögðum frá skólanefnd.

Andra líst vel á þennan aukna sveigjanleika en skólinn verði að halda í bekkjarkerfið.

Elva hefur prófað slíkt nám og það hefur þá kosti að einmitt hafa jafnt álag, öðruvísi en í framhaldsskólanum en hefur sína kosti (og galla). Mikilvægast var samt í því námi að það var svo mikið símat

Guðmundur telur að þetta myndi auka aðhald að nemendum sem er gott fyrir þau.

Jón Már hafði rætt félagslífið við MS og mikilvægt er að passa að félagslífið fái að njóta sín.

Ásta talar um að bekkjarkerfið og félagslífið er mjög mikilvægt og því nauðsynlegt að halda í það, þriggja anna kerfið samt góð hugmynd.

Þriggja anna kerfið verður kynnt á fundi eftir rúma viku og stofnuð verður nefnd sem skoða á kosti og galla og vera í samstarfi við stjórnendur. Skipulag og undirbúningur myndi fara fram allt næsta skólaár.

2. Skólastarfið, upplýsingar um hvernig upphaf annar hefur gengið

Jón Már nefnir fagstjórafund sem var fyrir viku síðan. Fagstjórum var hlýtt yfir hvernig símatið hefur gengið. Það var mjög gott hljóð í fólki þar, hnökralítið.

Í síðustu viku var ástarvika í skólanum, skólinn skreyttur og undirfélögin héldu gleðidaga á hverjum degi í vikunni.

Ína Soffía ræðir um að félagslífið og gott fyrir nemendur að sjá hvert annað og sjá félagslífið. Söngkeppnin gekk vel. Vantar upp á meira hópefli hjá hverjum bekk, sérstaklega hjá 1.bekk.

3. Önnur mál

Er eitthvað í skoðun varðandi mötuneytið. Send var út könnun á nemendur varðandi skráningu í mat og það er kominn hlekkur fyrir það á heimasíðu skólans. Það er ekki hægt að byrja í lausasölu, verður að vera fyrirsjáanlegt hversu margir eru í mat (varðandi sóttvarnir). Það er því búið að opna mötuneytið.

Ratatoskur í næstu vikur verður og nemendur eru duglegir að finna lausnir, vera með útinámskeið o.fl.

Arnfríður Hermannsdóttir ritaði fundagerð

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 241, þriðjudaginn 19.1. 2021 kl. 14:40

4. Fjármál og rekstur MA

Ragnar tekur til máls um útkomuspá ársins. Staðan var þannig að hallinn væri 7-8 milljónir og var þannig fyrir jól. Menntamálaráðuneytið senti skilaboð um að skólinn fengi 30 milljónir í uppgreiðslu sem þýðir þá að það verður um 23 milljóna króna hagnaður. Hann verður fluttur milli ára og er búið að fá leyfi fyrir því hjá ráðuneytinu.

Dag seinna kom póstur um framlag sem skólinn fengi fyrir skólaárið 2021-2022 og var áætlað að skólinn fengi yfir 50 milljónir minna það árið í framlög en þá komu þau ánægjulegu skilaboð það verði ekki svo mikið lægra en launakostnaður og annar kostnaður mun hækka svo það verður þó nokkur halli. Þessi hagnaður mun því koma sér vel til að jafna upp þann halla en 2021 þarf að nýta vel í endurskipulagningu á rekstri skólans. Nauðsynlegt er að fá fleiri nemendur í skólann og minnka brottfall.

Jón Már nefnir að það er vissulega heilum árgangi minna í skólanum og það sé því auðvitað minna rekstrarframlag þar sem það eru færri nemendur. Ekki sé fyrirséð að segja upp mörgum starfsmönnum, heldur að reyna að nýta starfsfólk á annan hátt. Það þarf að minnka yfirvinnu en hver og einn nemandi er í raun 1.7 milljóna virði og því mjög mikils virði að halda hverjum og einum inn í skólanum.

5. Upphaf vorannar

Jón Már rennur yfir upphaf vorannar. Það var ráðist í það að endurskoða almanak vorannar, þ.e.a.s. innri ramma þess. Námið var endurskipulagt sem verkefnaíðað nám, námsmatsdögum í lok annar er dreift yfir önnina. Þetta var gert í samtali og samráði við starfsfólk. Engin stór lokapróf verða í lok annar í öllum greinum innan skólans. Nemendur þurfa því að vinna jafnt og þétt alla önnina.

Búið er að prófa tvær annir þar sem reiknað var með að hægt verði að hafa lokapróf en með öllum breytingum þá þurfti að endurskipulegga próftíð og starfsfólk þurfti að breyta námsmati hjá sér eins og hægt var.

Með því að breyta í verkefnaíðað nám þá ætti stað/fjarnám breytingar ekki að hafa jafn mikil áhrif á vinnu nemenda við þeirra nám. Kennarar lögðu heilmikið á sig við endurskipulagningu og undirbúning og fóru í þetta af heilum hug. Tíminn 4-8 janúar fór í endurskipulagningu og undirbúning.

Verkefnatafla var sett upp fyrir fyrir allar brautir á öllum árum til að passa upp á að ekki of mörg verkefni lendi á sama dag.

Það eru enn jafnmargir námsmatsdagar í almanakinu og áður, en þeim er dreift á önnina. Þetta eru vinnudagar, ekki frídagar og á þeim dögum eru verkefni og/eða kaflapróf sem nemendur eru að leysa.

Þann 26. Janúar verður rafrænn foreldrafundur. Nemendur ætla að streyma söngkeppni MA 4. Febrúar og miðannarmat verður gert fyrir alla bekkir 5. Mars. Leikfélagið ætlar að hafa

frumsýningu 19. Mars og mögulega árshátíð 16. Apríl. Síðasti námsmatsdagur nemenda er 21. Maí. Eftir það tekur við úrvinnsla úr námsmati vorannar. Brautskráning verður áfram 17. Júní.

Nemendur eru áfram í sínum stofum og það er grímuskylda hjá öllum. Gætt upp á sóttvarnir. Nemendur voru afskaplega glaðir að vera komnir í skólann. 1.bekkingum fannst það spennandi að fá að vera í stofu við hliðina á 3.bekkingum og sjá þá loksins.

Brottfall nemenda. Það eru að fara fleiri en í fyrra, en í fyrra var einstaklega lítið brottfall. Það voru 3 nemendur sem hættu á önninni, svo nokkrir sem voru að Skipta um skóla og svo 3 1.bekkingar sem fóru þá líklega í ljósi COVID, nemendur frá öðrum landsvæðum sem ekki hafa náð að tengjast öðrum nemendum.

Ef okkur tekst að haldast vel á nemendum á vorönn, þá útaf staðnámi, verkefnaíðuðu námi og auknu félagslífi þá verður brottfall vonandi bara svipað eins og síðustu ár.

Umræða um verkefnaíðuð nám hjá fundarfólki. Þetta er tilraun en ekki einhver endanleg ákvörðun um námsmat í framtíðinni. Bent var á að nauðsynlegt er fyrir nemendur að læra að taka stór lokapróf og Jón Már tekur undir það. Þetta sé hins vegar líka gott skref inn í vinnu við 3. Lotu námsár.

6. Önnur mál

Spurt er um atburðinn í Borgarholtsskóla. Er MA með einhverjar áætlanir tengt svoleiðis. Jón Már svarar að það er áætlun innan skólans sem heitir Vörn gegn Vá. MA er búinn að innleiða fyrsta þáttinn, en þetta er enn í þróun en er væntanlegt innan tíðar meiri leiðbeiningar frá ráðuneyti til skólanna. Það verður settur upp öryggishnappur í afgreiðsluna í MA og er í samræðum við öryggismiðstöðina.

Vonandi verður áfram hægt að hafa hús skólans svona mikið opin fyrir félagslíf skólans, Jón Már nefndir hversu mikilvæg forvörn það er fyrir nemendur að hafa þessa aðstöðu og hvað þetta traust sem þau fá sé þeim mikilvægt. Vonandi þurfi ekki að breyta því mikið í kjölfar þessa atburðar.

Arnfríður Hermannsdóttir ritaði fundagerð

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 240, fimmtudaginn 3. desember 2020 kl. 14:00

1. Jón Már og Ragnar fjármálastjóri gera grein fyrir stöðu fjármála skólans

Skólinn er að fara í gegnum nemendafækkun vegna 3 ára kerfisins og samhliða því er líka fækkun í fæðingarárgöngum. Það er komið 3 ára plan hvernig leysa eigi þessi mál. Á fundinum var tilkynnt um niðurskurð sem skólinn þarf að sinna.

Árið 2022 er stefnt að því að komið verði aftur jafnvægi í reksturinn en þetta er verkefni desember, janúar og febrúar að fara yfir öll gögn í rekstrinum hvar hægt er að vinna á annan hátt svo það sé hægt að laga reksturinn að þessum veruleika.

Næsta ár eigum við 50 milljónir upp í halla en það mun ekki duga til.

Það verður gengið betur eftir upplýsingum á bakvið þennan niðurskurð, þetta mun ekki ganga alveg hávaðalaust fyrir sig.

Skólinn þarf því að aðlaga sig að þeim raunveruleika að skólinn hafi færri nemendur.

Spurt er “hvenær gætuð þið fengið svör”. Ekki hægt að finna á vef alþingis hvenær seinni umræðu um fjármálin væri lokið. Átti að vera 25. Nóvember, seinkað til 2. des en enn ekki komið. Það verður gengið á eftir þessu þegar hægt verður.

Föst útgjöld hafa aukist til muna en framlagið er ekki að aukast í réttu hlutfalli. Skólar á norðausturlandi eru í lægstu sætunum varðandi hækkanir milli ára sem á eftir að fá útskýringar á.

2. Nám og kennsla í skólanum prófhald og vorönn.

Nú er að koma próftíð. Það eru 2 staðpróf. Í áföngum í stærðfræði á 3. ári mátti velja hvort prófið yrði í skólanum eða heima.

Hin prófin eru rafræn, en það fækkaði líka áföngum í próftöflunni þegar kom í ljós í október að minni staðkennsla en vonir stóðu til um.

Prófstjóra tókst vel að láta mismunandi sjónarmið mætast á góðan máta og því má hrósa.

Stefnt er að því að hafa sjúkrapróf 18. Desember.

Vorönn í MA - það er ekki brautskráning frá MA á vorin og því þarf ekki að

Vorönn hefst 4 janúar og kennsla hefst 11. Janúar. Þessi vika 4-11 janúar er stefnt að því að hafa 8. janúar sem vara prófdag.

Nú hefur skólinn farið í gegnum 2 próftíðir þar sem streita og óróleiki. Jón Már mun því leggja það til að næsta önn verði próflaus. Námsmatsdagar verð því meira dreifðir yfir önnina og áfangar verði meira verkefnamiðaðir.

Það gæti vel verið að upphaf annar verði slitrót staðvera og því mikilvægt að vera undirbúin því.

Passa verður upp á álag á nemendur og kennarar kafni ekki í verkefnum. Þetta sé jöfn og skipulögð vinna sem sett er upp með þessum hætti.

Vorönn verði því símatsönn með verkefnum alla önnina og þá er sú tilraun líka til í sarpinum fyrir þarnæstu önn

Ekki enn komin tilmæli frá ráðherra varðandi sóttvarnaaðgerðir, hvort skólinn fái að haga sínum sóttvarnaaðgerðum með sjálfstæðari hætti.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Arnfríður Hermannsdóttir ritaði fundagerð

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 239, fimmtudaginn 5. nóvember 2020 kl. 13:45

1. Rekstur, staða í lok árs og áætlun næsta árs

Verið er að undirbúa rekstraráætlun fyrir næsta ár og svo fyrir næstu 3 ár.

Ragnar fjármálastjóri sýndi nefndinni útkomuspána fyrir 2020. Áætlaður rekstrarhalli mun betri en áætlanir sýndu fram á og rými fyrir álagsgreiðslur fyrir félaga KÍ. Rekstraráætlun 2021 er hækkuð um 4% og því áætlaður rekstrarhalli um 20 milljónir eins og sent verður á ríkissjóð. Vonir standa samt til að aðkeypt þjónusta muni minnka og því gæti þessi halli orðið minni.

Andri Teitsson spyr af hverju launaframlag ríkissjóð minnkar minna en launahækkun. Ragnar telur að það sé út af góðri eiginfjárhagsstöðu stofnunarinnar en fundur er á dagskrá um næstu viku.

Jón Már nefnir að hækkun MA á fjárlaginu er 4 lægsta hækkunin á milli ára og búið er að vekja athygli á þessu. Jón Már ræðir um álagsgreiðslur v. Covid. Hjúkrunarfræðingar fengu álagsgreiðslur vegna Covid í vor en kennarar hafa vakið orð á því að mörg rök séu fyrir því að umbuna fyrir álagið. Menntamálaráðherra tók undir að það ætti að umbuna kennurum í vor, og það helst miðlægt. Embættismenn ráðuneytisins voru ekki sammála að þetta væri þeirra verk og því hefur þetta verið að þvælast fram og til baka í kerfinu. Niðurstaðan er sú að skólameistarafélagið óskaði eftir því að ráðuneytið greiddi kennurum 100 þúsund kr. Sem álagsgreiðslur vegna Covid og ráðuneytið tók ágætlega í þetta en sagði að þetta væri á ábyrgð hjá hverjum skóla. MA mun greiða þetta en það er ein skiptis aðgerð án fordæmis.

Rætt var um að það á líka eftir að taka til annarrar umræðu varðandi endanlegan nemendafjölda fyrir 2021 sem er færri en áætlanir voru og því munu fjárframlög frá ríkinu verða lægri en stendur í áætlun.

2. Kynning á stefnuskjali sem verður síðan tekið fyrir á desemberfundinum

Við setjum okkur þá stefnu og markmið (í stíl við menntamálaráðuneytið) varðandi kjarnastarfsemi, minnka brotthvarf úr skólanum og tryggja fjölbreytilega kennsluhætti og námsmat. Efla gæðastarf í skólanum og þær aðgerðir sem því tengjast. Fjallað er um markmið um fjárlög skólans og þær aðgerðir sem því tengjast. Nýtt í skjalinu eru markmið um að draga úr umhverfisáhrifum. Þetta verður til umræðu með ráðuneytisfólki 12. Nóvember. Verður betur tekið fyrir í desember eftir athugasemdir frá ráðuneytisfólki. Þetta stefnuskjal tengist gæðastarfi skólans.

3. Skólastarf í Covid

Skólastarf í vor eftir Covid gekk vel og skólalok gengu farsællega. Mjög lítið brottfall nemenda og námsmatið gekk vel þar sem mikið var um símat og námsmat var í flestum tilvikum gagnapróf. Því var lítið um fall í námsmati.

Jón Már ræðir um félagslega þáttinn. Þó svo að það hafi tekist að halda eitthvað félagslíf og það náðist að brautskrá. Anna Eyfjörð náði að gera könnun á meðal nemenda um skólalokin í fyrra, í tengslum við söknuðinn og þennan erfiða félagslega viðskilnað. Það kom ljós að nemendum leið illa að fá ekki að kveðjast eins og stóð til.

Fyrsta árs nemar hafa verið mikið í skólanum þessa önnina, en þetta er samt ekki sami andi þar sem þau hafa ekki haft félagslíf.

Það er áskorun hvernig við haldið verður utan um 3.árs nemana sem hafa verið mjög lítið í húsi og styðja við þeirra félagslíf.

Í upphafi annar var um 70% staðarnám og vonir stóðu til að ná 3. bekk sem mest inn í skólann. Hafðar voru heimastofur þar sem hver bekkur hafði sína heimastofu og kennarar máttu fara á milli með sóttvörnum.

Spritt og grímur og hreinsun á flötum hjá kennurum þegar þeir fóru á milli stofa.

Skólinn á 3 plön miðað við sóttvarnir

1. Heimastofur, sóttvarnir með grímum og spritti
2. Ef fjarlægðamörkin minnka þá verður farið í sama plan og var fyrir fjarnám. 4 tímar á viku hjá 1 og 2 bekk og 3 tímar á viku í 3. bekk
3. Allir eru í fjarnámi

Varðandi prófhald þá verða prófin að taka mið af starfinu á önninni. Ef það verða staðarpróf þá verða þau mun færri, þurfa að verða minni og með öðru sniði. Það er enn í vinnslu

Varðandi vorönn þá þarf fyrirkomulagið að koma í ljós miðað við sóttvarnir hvaða plan verður tekið upp.

Könnun var send á allt starfsfólk um líðan þess. Allir svöruðu að þeim liði vel eða allavega oftara vel en illa. Kennarar hrósuðu nemendum fyrir vinnusemi, ný röðun á borðum skapaði meiri ró á tímum og auðvelt að fá tæknilega aðstoð. Þeir sem voru með mikið fjarnám nefndu að kennsla með miklu fjarnámi eða blandaðri kennslu að nemendur væru frekar óvirkari í fjarnáminu. Kennarar söknuðu samskipta við bæði samstarfsfólk og nemendur.

Það er meira álag og streita hjá bæði kennurum og nemendum í þessu ástandi og það er vitað.

Áfangakönnun verður lögð fyrir nemendur um mánaðarmótin.

Andri spyr um hvað sé verið að hugsa núna um verðandi útskriftarferð. Jón Már svaraði því að útskriftarárgangurinn stefnir á að fara í ferð í lok júnímánaðar. Ráð skólans til þeirra um það að það er í fína lagi að skoða þetta og láta sig dreyma, en kannski bíða með að pantu ferð og borga sé algjörlega ótímabært, sérstaklega með ferðina í vor í samanburði.

4. Önnur mál

Arnfríður Hermannsdóttir ritaði fundagerð

Skólanefnd

Fundagerð skólanefndar nr. 238, fimmtudaginn 3. September 2020 kl. 13:45

1. Upphaf haustannar

Örfundur er boðaður að morgni 4. september með skólastjórnendum og menntamálaráðuneyti og kemur þá í ljós hvort einhverjar rýmkanir verða á skólastarfi

Sigurlaug ræðir um upphaf haustannar. Vika síðan fyrsti kennsludagur var og því allir bekkir búnir að koma í skólann. Skipulagðir voru 12 kennsludagar í þessari fyrstu lotu miðað við 1 m reglu og 100 einstaklinga. Það eru allir inngangar skólans í notkun og allir fara inn á skónum. U.þ.b. 1/3 af nemendum skólans er í skólanum á hverjum gefnum tíma. Lögð áhersla á 1. bekk í kennslu í húsum skólans og þau fá 10 daga næstu 3 vikurnar, 2. bekkur fær 4 daga í skólanum og 3. bekkur fær 3 daga. Nemendur hafa heimastofur en kennarar eru á miklu flakki.

Kennarafundur var á föstudaginn og kennarar voru mjög jákvæðir og hafa tekist á við þetta allt saman með ró og umburðarlyndi. Sumir kennarar eru mjög sáttir við borðaröðun nemenda, það skapast meiri ró í kennslustundum.

Verið er að teikna upp hvað er hægt að gera ef fjöldatakmörkanir verða rýmkaðar.

Engin hefðbundin nýnemamóttaka og lítið um félagslíf en þó hefur einhver hluti þess færst á netið.

Lítið brotfall síðasta vetur og sumar úr skólanum miðað við síðustu ár.

Álfheiður Svana segir að sinn nýnemi sé mjög ánægður með að það sé svona mikill skóli og góð tækifæri til að kynnast samnemendum og bekkjarfélögum.

2. Fjármál

Ragnar tók saman yfirlit um fjármál skólans. Gerði grófa rekstraráætlun fyrir haustið og sýndi nefndinni. Búið er að klára yfirfærslu skólaársins og greiðslur til kennara vegna þess. Það verður aðeins meiri föst yfirvinna en á síðasta ári og því aðeins hærri kostnaður vegna þess en áætlaður halli er minni í heildina en áætlað var.

3. Jafnlaunavottun

Ragnar hefur verið að vinna í jafnlaunavottun mjög ötullega í allt sumar og í haust. Búið er að fara í gegnum launagreiningu, konur eru með um 0,9% lægri laun en karlar og það skýrist aðallega af yfirvinnutímum. Skólinn mun framkvæma þessa greiningu sjálfur á næsta ári með forritinu Emblu. Búið að sækjast eftir vottun til að fá að gera það og málið er komið í vottunarnefnd og á miðvikudaginn í næstu viku kemur í ljós hvort kerfið fái þessa vottun.

Jón Már ræðir um gæðamálin, starfsmaður er kominn í 75% stöðu til að sinna gæðamálum skólans. Það verður líklega fullt starf að fylgja eftir gæðamálum og vonandi fást fjármunir fyrir því.

4. Önnur mál

Andri Teitsson spyr hvort eitthvað hafi gerst meira varðandi samstarf skóla á Norðurlandi og/eða við Eyjafjörð? –SAMNOR skólarnir 5 eru að vinna saman og eru að deila með sér reynslu og verkefnum. T.d. unnu þeir saman að jafnlaunavottuninni og skipulagðar hafa verið menntabúðir sem verða vonandi til að efla tengsl og þekkingu kennara skólanna á haustönn.

Arnfríður Hermannsdóttir ritaði fundagerð

Fundagerð er samþykkt af:

Jón Már Héðinsson

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Ragnar Hólm Ragnarsson

Andri Teitsson

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Anna Kristín Arnarsdóttir

Baldvin Valdimarsson

Elva Gunnlaugsdóttir

Guðmundur Magnússon

Helga Rún Traustadóttir

Arnfríður Hermannsdóttir